



Stjórnarfundur AKÍŠ -

Staður og tími: Skrifstofa AKÍŠ - 10.4.2018 kl. 17:15

Mætt:

Torfi Arnarson (TA), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR), Arnar Már Pálmarsson (AMP)

Fjarverandi:

Garðar Gunnarsson (GG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

ÞA ritaði fundargerð.

1. FIA Sport Conference 2018

Ráðstefnan verður haldin 4. til 6. júní 2018 í Manilla á Filipseyjum. Lagt til að AKÍŠ leggi ekki í kostnað við að senda fulltrúa á þessa ráðstefnu.

2. FIA European Executive Meeting

Fundur framkvæmdastjóra evrópsku akstursíþróttasambandanna, verður haldinn 12. apríl næstkomandi í Dublin. Samþykkt að framkvæmdastjóri AKÍŠ mæti á fundinn.

3. Keppnisreglur AKÍŠ 2018

Ábending barst:

BA: Mikið vísað í International Sporting Code (ISC). Hann þarf að vera á íslensku. *Ekki er lokið við að þýða síðasta ISC, en verið er að vinna að því. Um leið og sú útgáfa er tilbúin mun hún sett á vef AKÍŠ en þangað til mun eldri útgáfa á íslensku sett á vef AKÍŠ, auk tilvísunar á vefsíðu FIA þar sem nýjasta texta ISC er að finna.*

Keppnisreglur AKÍŠ 2018 samþykktar.

4. Reglugerð um keppnisráð

Ábendingar bárust:

Stimpill: Ábending um að eðlilegt væri að telja upp hvaða keppnisgreinar falla undir hvaða keppnisráð. *Skilgreiningu skotið inn í 1. grein reglugerðar um keppnisráð*

BA: Ábending og beiðni frá BA um að keppnisráð kjósi sér sjálf formann. *Í 13. grein laga AKÍŠ segir að AKÍŠ skipi formann og að lágmarki tvo aðra, þannig að það þarf lagabreytingu til að svo verði. Hins vegar stóð í 3. grein reglugerðar um keppnisráð að stjórn AKÍŠ skipaði formann sem var fellt út. Látið nægja 1. grein sem segir keppnisráð skipuð í samræmi við lög AKÍŠ.*

Reglugerð um keppnisráð samþykkt.



5. Reglugerð um styrkveitingar

Reglugerð um styrkveitingar samþykkt.

Samþykkt að senda út boð um styrkumsóknir til félaga, þar sem hámarksstyrkur til eins verkefnis væri 200.000 kr. og heildarstyrktarfrjárhæð í þessari umferð 500.000 kr.

6. Skyndihjálparnámskeið

Kostnaður ræddur. Mögulegt að semja við Rauða Krossinn um námskeið og beðið eftir tölum frá Flugbjörgunarsveitinni / Landsbjörg.

Skoðanir aðildarfélaga fengnar fram fyrir næsta stjórnarfund.

7. Persónuverndaryfirlýsing fyrir heimasíðu

Framkvæmdastjóri sagði frá samræðum við ÍSÍ vegna þessa.

8. Breytingar á keppnisdagatali

Samþykktar breytingartillögur frá Kvartmíluklúbbnum.

9. Bensíntankar í keppnisbifreiðum

Borist hefur bréf frá FIA vegna bensíntanka í keppnistækjum sem sent verður á formenn aðildarfélaga.

Frekari umræðum frestað til næsta fundar stjórnar.

10. FIA helgi sjálfboðaliða

FIA ætlar að halda hátíðlega helgi sjálfboðaliða 18. - 20. maí 2018. Þá helgi er kvartmíla hjá KK og drift hjá AÍH.

Samþykkt að óska eftir frekari upplýsingum um hvað FIA gerir fyrir sjálfboðaliða þessa helgi og einnig að fá hugmyndir frá aðildarfélögum AKÍS.

11. Önnur mál

Öryggisbúr - Til stendur að útbúa próf fyrir suðumenn í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð.

Fjarfundabúnaður AKÍS - JBJ sýndi fjarfundabúnað sem settur verður upp á skrifstofu AKÍS.

Ísland GrN reglur fyrir rally - Breytingar á rallyreglum sem keppnisráð lagði til samþykktar.

12. Næsti fundur

Hangouts 24. apríl 2018 kl 18:00